

Umhverfismat

Gátlisti fyrir framhalds- og háskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað náttúruvernd í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að nemendur vinni sem mest sjálfstætt. Nemendur geta fundið svör við sumum spurningunum sjálfir en stundum þarf aðstoð frá kennurum eða öðru starfsfólki.

Einnig eru spurningar þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga eða gera litla rannsókn til að mæla ákveðna þætti yfir einhvern tíma.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Dagsetning: _____

Undirskriftir þátttakenda:



Hugur þekking

já nei athugasemdir

Þekkja nemendur orðið náttúruvernd og hvað það þýðir?			
Hafa nemendur fengið fræðslu um hvað felst í hugtakinu lífbreytileiki (líffræðileg fjölbreytni)?			
Skilja nemendur hugtakið lífbreytileiki?			
Kunna nemendur að greina á milli mismunandi vistkerfa?			
Þekkja nemendur muninn á villtri náttúru og borgarnáttúru?			
Fá nemendur tækifæri til að vera úti við og kynnst nærumhverfi sínu og mynda við það tengsl?			
Læra nemendur um náttúru Íslands og sérstöðu hennar?			
Læra nemendur um flóru og fánu Íslands?			
Er nemendum kennt um gróður- og jarðvegseyðingu sem er stórt umhverfisvandamál á Íslandi?			
Þekkja nemendur helstu tegundir fugla, fiska og plantna sem finnast á Íslandi?			

já nei athugasemdir

Þekkja nemendur hvað átt er við hugtakið ósnert viðerni?			
Eru einhver álitamál tengd náttúruvernd innan sveitarfélagsins sem nemendur búa í?			
Eru náttúruverndarmál til umfjöllunar innan skólans?			
Þekkja nemendur einhver íslensk og erlend náttúruverndarsamtök og hvert hlutverk þeirra er?			
Þekkja nemendur náttúruverndarsamtök sem starfa í sveitarfélaginu eða nærliggjandi sveitarfélögum?			
Ef já, hefur verið efnt til fræðslu eða samstarfs við þau?			
Þekkja nemendur hvaða áskoranir steðja að heiminum og hve miklu máli náttúruvernd skiptir í því tilliti?			
Þekkja nemendur einhver náttúruverndarmál á Íslandi?			
Þekkja nemendur tegundir dýra í útrýmingarhættu?			
Geta nemendur nefnt einhverja hegðun eða atriði sem geta stuðlað að náttúruvernd?			
Er eitthvað í nærumhverfi skólans sem vert er að varðveita og veita sérstaka vernd?			
Hefur náttúruvernd verið fléttuð inn í einhver málefni kennslunnar? Ef já, í hvaða áfanga/málefni?			



Hjarta skólinn og samfélagið

	já	nei	athugasemdir
Sleppir skólinn því að nota skordýra- eða illgresiseyðir á sínu umráðasvæði?			
Gætir skólinn þess að nota ekki efni sem getur mengað vatn, jarðveg eða andrúmsloft og notar eingöngu svansvottuð efni eða með sambærilega vottun?			
Þekkja nemendur hve mikil og hvaða áhrif þeir hafa á nánasta umhverfi sitt? En á umhverfi heimsins?			
Reynir skólinn að sóa og menga sem minnst eins og t.d. með því að hvetja til minni notkun á pappír, vatni og rafmagni, draga úr magn úrgangs og matarsóunar og hvetja til minni bílanotkunar?			



Hendur aðgerðir

já nei athugasemdir

Kemur það fram í stefnu skólans að hann ætlar að efla þekkingu nemenda og starfsfólks á náttúruvernd og stuðla að henni í sínu nærumhverfi?			
Er nemendum kenndar leiðir til þess að stuðla að náttúruvernd?			
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við náttúruvernd?			
Ef já: hvernig er unnið með heimsmarkmiðin innan skólans, t.d. þemaverkefni, áskoranir eða annað			
Eru þið í skólanum að upplýsa og fræða aðra um náttúruvernd?			
Hafa nemendur prófað að fara í hlutverkaleiki til að skilja mismunandi hagsmunir í tengslum við ákveðna framkvæmd og náttúruvernd og hvernig væri hægt að finna lausn með náttúruvernd að leiðarsljósi?			
Eruð þið að plokka á skólalóðinni og í nærumhverfi?			
Taka nemendur virkan þátt í endurheimt vistkerfa, t.d. með því að planta, safna birkifræi, sá, bera á o.fl.?			
Málefni tengd náttúruvernd í nærumhverfi eru rætt í skólanum og nemendum gefin tækifæri til að láta sér málín varðar, t.d. með því að gera athugasemdir, skrifa greinar eða funda með viðkomandi aðilum?			

já nei athugasemdir

Nemendur skipuleggja skólalóðina eða hluta þess m.t.t. að stuðla að vernd lífbreytileika plantna og dýra?			
Eruð þið í skólanum að reyna að hafa áhrif, t.d. með því að senda bréf til fyrirtækja, funda með sveitarstjórn, gera athugasemdir við einhver áform, skrifa greinar, vera með viðburð o.fl.			
Er verið að skoða hvernig þátttaka í Grænfánaverkefningu getur haft jákvæð áhrif á náttúruvernd?			

Til umræðu:

- Af hverju er mikilvægt að vernda náttúruna?
- Er náttúran fyrst og fremst til fyrir okkur mennina?
- Hvað gefur náttúran okkur? (bæði áþreifanlegt og óáþreifanlegt)
- Hefur náttúran rétt á að vera í friði?
- Af hverju eru ósnert víðerni mikilvæg?
- Af hverju er mikilvægt að endurheimta vistkerfi sem hafa hnignað (vistheimt)?
- Hvað getum við gert til að vernda náttúruna? Bæði hér á Íslandi og einnig hnattrænt séð.

Markmið og aðgerðir innan þemans Náttúruvernd